



Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Samkeppnisútböð nr. 15411 - Rekstur víðnets Reykjavíkurborgar

Einn aðili sendi inn tilboð:

1. Sensa hf.

Samtals voru tveir viðaukar sendir út. Fyrri viðauki, dags. 9. september 2022, innihélt tilkynningu þess efnis að kaupandi hefði hætt við kynningarfund sem stóð til að halda á tilboðstíma. Í stað þess voru áhugasamir bjóðendur hvattir til að senda inn spurningar á fyrirspurnartíma. Síðari viðauki, dags. 22. september 2022, innihélt svör við fyrirspurnum.

Tilboð voru opnuð þann 29. september 2022.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útböðslýsingu:

Verð gildir 30% (30 punktar af 100), aðrir þættir gilda 70% (70 punktar af 100).

Samið verður við þann bjóðanda sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli samanlagðra punkta verðs og annarra þátta, þ.e.

Heildarpunktur eða einkunn Tilboðs_A = Verðpunktur_A + Punktur_A fyrir aðra þætti en verð

Við opnun tilboða var ljóst að eina tilboðið sem barst var yfir kostnaðaráætlun kaupanda. Þá vildi kaupandi afla nánari skýringa frá bjóðanda varðandi aðra þætti en verð. Kaupandi ákvað því að hefja samningsviðræður samkvæmt öðru þrepi samkeppnisviðræðna. Samningsviðræður fór fram á einum fundi með bjóðanda þann 5. október 2022.

Endanlegt tilboð í samkeppnisútböði nr. 15411 var opnað hjá Innkaupaskrifstofu þann 14. október 2022 og barst eitt tilboð, frá Sensa hf. að fjárhæð kr. 558.592.500,- án vsk. en þar af eru valkvæð innkaup að beiðni kaupanda að fjárhæð kr. 243.652.500,- án vsk. Kostnaðaráætlun kaupanda vegna þjónustunnar var kr. 447.750.000,- án vsk. Í kafla 0.8.2 í útböðslýsingu kemur fram að kaupandi áskilji sér rétt til að taka tilboði sem væri hærra en kostnaðaráætlun kaupanda.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Sensa hf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að sá þátttakandi sem var með hagkvæmasta gilda tilboðið, Sensa hf., uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Sensa hf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar leggur til að gengið verði að tilboði Sensa hf., enda uppfyllir það allar kröfur útböðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli verðs og gæða.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Loftur Steinar Loftsson
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Hjálagt: Matskröfur og aðferðarfræði (trúnaðarskjal)